



Grundarfjarðarbær

Útboð 2017

**Snjómokstur í
Grundarfirði**



Útboð

Snjómokstur í Grundarfirði

Verklýsing, samningsskilmálar og tilboðsblað.

Undirritaður f.h. Grundarfjarðarbæjar kt. 520169-1729, óskar eftir tilboðum í snjómokstur í Grundarfirði.

Útboðslýsing:

1. Almennt um verkið:

Óskað er eftir tilboðum í almennan snjómokstur í þéttbýli Grundarfjarðar skv. meðfylgjandi tilboðsblaði.

2. Samningsaðilar:

Bjóðandi sá, sem snjómokstursverkið hlýtur og samningur er gerður við um framkvæmd verksins, nefnist verktaki.

Bæjarstjórinn í Grundarfirði fyrir hönd Grundarfjarðarbæjar, nefnist verkkaupi.

3. Útboðsgögn:

Útboðs og verklýsing þessi.

Tilboðsblað.

Götukort af Grundarfirði

Kort sem sýnir snjósöfnunarsvæði

Kort sem sýnir forgangsröð í snjómokstri

Kort sem sýnir snjómokstur gangstéttu.

Íslenskur staðall IST – 30 / 2003. Ef ákvæði í IST-30 stangast á við verklýsingu og samningsskilmála varðandi verk þetta skulu ákvæði IST-30 víkja.

4. Skýringar á útboðsgönum:

Óski bjóðendur eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á einhverjum atriðum í útboðsgönum, eða vart verður við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsinnihald og tilboðsfjárhæðina, skal senda Grundarfjarðarbæ skriflega fyrirspurn. Slík fyrirspurn þarf að berast undirrituðum, bréflega eða á netfangið thorsteinn@grundarfjordur.is í síðasta lagi kl. 14:00 fimmtudaginn 12. október n.k. Fyrirspurninni verður þá svarað skriflega, þriðjudagur 17. október n.k. og öðrum bjóðendum send fyrirspurnin og svarið.

Bjóðendur eru hvattir til að kynna sér vel aðstæður verksins áður en tilboðum er skilað.

5. Gerð og frágangur tilboða:

Tilgreina skal á tilboðsblaði, tegund og árgerð moksturstækja. Einnig skal tilgreina tegund og árgerð flutningstækja. Einnig skal tilgreina stærð snjóskóflu (m³), breidd snjóplógs (lm) ásamt hleðslugetu flutningatækis (m³).

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsblaðsins. Tilboðsblaðið er hluti af útboðsgönum þessum. Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum. Öll verð skulu gefin upp með virðisaukaskatti.

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi þannig merktu:

„Snjómokstur í Grundarfirði – Útboð”



Skipulags- og byggingarfulltrúinn Grundarfirði

Borgarbraut 16 350 Grundarfirði Sími 430-8500 netfang bygg@grundarfjordur.is

Á tilboðsumslagi skal einnig koma fram frá hverjum tilboðið er (rita nafn bjóðanda utan á umslagið).

Ef reiknivillur eða ósamræmi er í tilboði, ræður það einingaverð sem fram kemur á tilboðsblaði og skal tilboð leiðrétt með tilliti til þess.

6. Nánar um tilboðið og hvað einingaverð bjóðenda skal innifela:

Í tilboði bjóðenda skal tilgreina öll einingaverð sem tímajald véla/tækja með inniföldu tímajaldi vélarstjórnda. Tímajald véla, tækja og vélamanna skal vera jafnaðargjald (hvenær sólarhringsins sem unnið er og hvaða dag ársins sem unnið er).

Það skal tekið fram að mokstur hefst gjarnan að næturlagi eða mjög snemma morguns, auk þess sem unnið er á laugardögum (og sunnudögum), gerist þess þörf.

Í tímajaldi skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka við verkið, allur búnaður og rekstrarkostnaður véla eins og brennsluefnir, smurefni, olíur, keðjur og annar kostnaður. Einnig umsjónarkostnaður verktaka, allir skattar (svo sem virðisaukaskattur), tryggingar og önnur gjöld og kostnaður sem verktaki greiðir af tækjum og mannafla.

Óveruleg verk, sem samkvæmt eðli sínu þarf að vinna, en eru ekki talin upp sérstaklega, skal verktaki vinna án sérstaks endurgjalds sbr. Það að í tímajaldi skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka við verkið. Öll verð skulu gefin upp með virðisaukaskatti.

7. Frávikstilboð óheimil:

Ekki er heimilt að gefa frávikstilboð þ.e. gera tillögu um aðra útfærslu á verkinu en greinir í útboðsgögnum.

Eingöngu skal bjóða í þá liði sem tilboðsblaðið gerir ráð fyrir og eins og verkinu er lýst í útboðsgögnum. Slíkt tilboð (þ.e.a.s. tilboð um aðra útfærslu) verður ekki tekið til greina.

Ekki er heldur heimilt að bjóða í hluta verksins;

Bjóðanda er skilt að bjóða í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum þ.e.a.s. ekki er heimilt að gera eingöngu tilboð í annan hvorn verkpáttinn (mokstur eða flutning).

8. Afhending tilboða:

Tilboðum skal skila eigi síðar en mánudaginn 23.10. '17, kl. 11:00 á Bæjarskrifstofu Grundarfjarðar, Borgarbraut 16, Grundarfirði. Ekki koma önnur tilboð til greina en þau sem hafa þorist í hendur bæjarstjóra fyrir kl. 11:00 á opnunardag.

9. Opnun tilboða og skilafrestur:

Tilboð ásamt umbeðnum upplýsingum skulu berast undirrituðum eigi síðar en á tilgreindum opnunartíma, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska. Tilboð sem berast eftir uppgefinn opnunartíma verða ekki opnuð.

Við opnun tilboða verða lesin upp nöfn bjóðenda og heildartilboðsupphæðir skv. lið E. Aðrar upplýsingar frá bjóðendum verða ekki lesnar upp við opnun tilboðanna.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

10. Frekari upplýsingar á síðari stigum:

Þegar mat á gildi tilboða liggur fyrir, áskilur verkkaupi sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum frá þeim aðilum sem skiluðu inn gildum tilboðum.

Verktaki skal áður en undirritun verksamnings fer fram, leggja fram upplýsingar um þann mannafla sem ætlaður er til að sinna snjómokstrinum skv. útboði. Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að samþykka þann mannafla sem boðinn verður af verktaka.

Verktaki skal einnig áður en undirritun verksamnings fer fram, leggja fram upplýsingar og sýna fram á að þau tæki sem nota á við snjómokstur á vegum Grundarfjarðarbæjar, séu skoðuð og



Skipulags- og byggingarfulltrúinn Grundarfirði

Borgarbraut 16 350 Grundarfirði Sími 430-8500 netfang bygg@grundarfjordur.is

samþykkt af viðkomandi skoðunaraðilum, s.s. vinnuvélar af Vinnueftirlitum ríkisins og vörubílar af bifreiðaskoðunarstöðvum.

Gengið verður eftir því við undirritun samnings að það liggi ljóst fyrir að þau tæki sem nota á við snjómokstur hafi fullnægjandi skoðun tilgreindra aðila.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna ástand þeirra véla og tækja sem bjóðendur bjóða telji verkkaupi þörf á.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna hvort bjóðendur séu í vanskilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði. Einnig hvort fyrirtæki bjóðenda hafi jákvætt eigið fé.

Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál.

11. Kröfur um hæfi bjóðenda:

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum, svo og annarra þeirra upplýsinga sem verkkaupi kann að óska eftir.

Þess er krafist að bjóðendur hafi reynslu af sambærilegu verki og er í útboði þessu.

12. Taka tilboða:

Verkkaupi áskilur sér það rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Bjóðandi / tilboðsgjafi er bundinn af tilboði sínu í 4 vikur frá opnun tilboða.

13. Mat á tilboðum og val á samningsaðila:

Samið verður við þann bjóðanda sem uppfyllir kröfur útboðsins og er hæfur í verkið að mati verkkaupa.

Val verkkaupa á samningsaðila mun eingöngu miðast við mat á tímagjaldi/einingarverðum viðkomandi bjóðanda og það hvort viðkomandi standist þau lágmarksviðmið sem tilgreind eru varðandi stærð tilheyrandi útbúnaðs, og líka að verktakinn standist kröfur verkkaupa að öðru leyti sbr. útboðsgögnin.

Við val á tilboðum verður ekki farið eftir stærð mótors, stærð véla, afköstum véla, umfram það sem kemur fram í lágmarksviðmiðum útboðsgagna.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að tilboð teljist fullnægjandi:

- Boðin sé *traktorsgraða* með drifi á öllum hjólum.
- Boðin sé *hjólaskófla* með drifi á öllum hjólum.
- Að skófla traktorsgröfunnar sé að lágmarki 2,0 m³ að stærð.
- Að skófla Hjólaskólfu sé að lágmarki 4,0 m³ að stærð.
- Að fjölnotaplóglar traktorsgröfunnar sé að lágmarki 2,8 m að breidd (án skekkingar).

Telji verkkaupi þörf á, verða tilboðin líka metin eftir því hvort verktakar geti sýnt fram á tæknilega, faglega og fjárhagslega getu til þess að taka að sér verkið. Bjóðendur skulu sýna fram á þessi atriði ef óskað verður eftir af hálfu verkkaupa.

14. Verðbætur:

Einingarverð þess verktaka sem samið verður við, munu verðbætast á samningstímanum sem hér segir:

01. janúar 2018, 01. janúar 2019, 01. janúar 2020, 01. janúar 2021 og skal miða verðlagsbreytinguna við hina opinberu vísitölu neysluverðs (frá Hagstofu Íslands) eins og hún verður á ofangreindum tíma. Breytingin miðast við vísitölu neysluverðs í september 2017 (444,0 stig).

Bjóðendur skulu að öðru leyti innifela verðlagsbreytingar í einingaverðum sínum á tilboðsblaði.



15. Tímaskráning – Greiðslur:

Tímaskráningararbók skal vera í tæki við vinnu. Verktaki skal halda dagbók með tímaskráningu á unnu verki, og skv. nánara samráði við verkstjóra áhaldahúss Grundarfjarðar.

Í lok hvers reikningsmánaðar skal verktaki fá samþykki verkstjóra (eða staðgengils hans), fyrir þeim tímum sem unnir hafa verið skv. skráningu vélamanns. Tímarnir skulu studdir sundurliðaðri tímaskráningu úr dagbók, þar sem skilmerkilega er tilgreint hvaða verk eru unnin hverju sinni. Reikningar skulu gerðir fyrir mánuð í senn. Skulu þeir vera nægjanlega sundurliðaðir og tilgreint hvaða verk eru unnin og samkvæmt hvaða taxta.

Allir reikningar frá verktaka skulu vera samþykktir af verkstjóra áhaldahússins áður en bæjarskrifstofa Grundarfjarðar (verkkaupi) móttetur þá til greiðslu.

Mótteknir reikningar verða greiddir eigi síðar en 14 dögum eftir að bæjarskrifstofan móttetur þá. Skilyrði fyrir greiðslu er að verkkaupi hafi samþykkt viðkomandi reikninga.

16. Aukaverk:

Ef verktaka er falið að vinna aukaverk, skal um það samið, áður en byrjað er á verkinu. Greiðslur fyrir aukaverk skulu fylgja tilboðsverðum að svo miklu leyti, sem hægt er að koma því við. Því um aukaverk er að ræða, sem verktaki vinnur í tímavinnu, skal hann framvísa sundurliðuðum reikningum fyrir slíka aukavinnu, þar sem skilmerkilega er tilgreint hvaða verk eru unnin og samkvæmt hvaða taxta.

17. Breytingar á verkinu frá útboði og greiðslur fyrir það:

Verktaki skal fylgja verklýsingu og snjómokstursplani og má ekki gera breytingar frá því nema með leyfi verkstjóra áhaldahúss Grundarfjarðar.

Gefi verkkaupi fyrirmæli, sem verktaki telur sig eiga að fá aukagreiðslu fyrir að framfylgja, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað og ekki byrja á verkinu, nema samþykki verkkaupa liggi fyrir og samið hafi verið um greiðslu.

18. Samningur / verktími:

Útboðs- / samningstímabilið nær til fjögurra ára, nánar tiltekið frá október 2017 til 15. júní 2021.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur beggja aðila er 3 mánuðir m.v. 1. hvers mánaðar.

Mögulegt er að framlengingja samning um í 1 ár (í senn) eftir að samningstíma líkur.

Verkkaupi áskilur sér rétt til endurskoðunar og breytinga á tilhögun á verklagi varðandi verkið s.s. vegna breytinga á þjónustustigi bæjarfélagsins, nýrra samþykktta bæjarstjórnar osfrv, frá því sem segir í meðfylgjandi skilmálum og verklýsingu. Náist ekki samkomulag innan briggja mánaða varðandi breytta tilhögun getur verkkaupi ráðið annan verktaka til að sinna þeim verkþætti. Með orðinu þjónustustigi er átt við það ef tekin verður ákvörðun um að breyta eða auka þjónustuna við bæjarbúa t.d. vegna moksturs gangstéttu en sú þjónusta er ekki innifalin í þessu útboði, heldur mun áhaldahús Grundarfjarðar sjá um þá þjónustu.

Hinsvegar, á álagstínum þ.e. þegar áhaldahús Grundarfjarðar hefur ekki við, eða að snjór er orðinn það mikill að tæki í áhaldahúsinu ráða ekki við snjóinn, mun verða leitað til verktaka um mokstur gangstéttu og gildir þá sama tímagjald og við almennan snjómokstur.

19. Vanefndir og uppsögn:

Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er verkkaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndarúrræðum.

Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bóturn vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabotalaga.

Leiti verksali nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur verkkaupi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.



Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu verktaka að ræða t.d. falli mokstur eða önnur verk skv. samningi þessum ítrekað niður að ástæðulitlu, eða verk er að öðru leyti unnið með óviðunandi hætti að mati verkkaupa getur verkkaupi sagt upp samningi með 3 mánaða fyrirvara. Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að meta afköst verktaka við snjómokstur, telji hann einhverra hluta vegna að afköst við snjómokstur sé ekki nægjanleg eða einhverju vera ábótavant. Verkkaupa er heimilt að segja upp samningi, telji hann afköstum verulega ábótavant.

20. Tryggingar og ábyrgðir:

Verktaki er ábyrgur fyrir þeim skaða eða skemmdum sem kunna að verða af hans völdum (tækja hans sjálfss eða annarra sem fyrir hann vinna) við snjómokstur skv. útboði þessu, hvort sem um er að ræða mannvirki í eigu verkkaupa eða eigur annarra aðila í bæjarfélaginu eða utan þess. Verktaki skal vera tryggður fyrir slíkum tjónum og skal eigi síðar en við undirritun samnings leggja fram staðfestingu tryggingarfélags á ábyrgðartryggingu. Bankaábyrgð telst einnig gild. Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af nauðsynlegum tryggingarskíteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

21. Ábyrgð og skyldur verkkaupa:

Verði greiðslur til verktaka ítrekað vanefndar að ástæðulitlu, frá hendi verkkaupa, er verktaka heimilt að rifta samningnum með 3 mánaða fyrirvara.

22. Ábyrgð og skyldur verktaka:

Verktaki skal ábyrgjast faglega framkvæmd á verkinu í heild. Einnig ber verktaka að hlíta fyrirmælum verkkaupa um nánari útfærslu á verkinu.

Verktaki skal annast og kosta, almennar öryggisráðstafanir og skal hann sjálfur meta hvenær þess gerist þörf.

Verkkaupi hefur fullan skilning á að oft verður ekki hjá því komist að trufla umferð meðan á mokstri stendur, en þó skal verktaki sýna fyllstu tillitssemi við vegfarendur (orðið vegfarendur er hér í viðasta skilningi orðsins), og reyna eftir því sem hægt er að takmarka truflun á umferð vegfarenda.

Verktaka er **óheimilt** að vinna í öðrum verkum meðan á samfelldri vinnu stendur hjá Grundarfjarðarbæ. Þetta þýðir einnig það að verktaka er óheimilt að vinna önnur verk í matar- og kaffítínum. Snjómokstur fyrir einkaaðila s.s. bílaplöön, innkeyrslur o.þ.h. má verktaki ekki vinna fyrr en lokið er endanlega við snjómokstur fyrir Grundarfjarðarbæ viðkomandi dag, og verkstjóri áhaldahúss hefur samþykkt að snjómokstri skuli lokið þann dag.

Pegar vaktaskipti verða við snjómokstur, ber þeim manni sem tekur frí, að upplýsa þann sem tekur við um gang mála, þannig að misskilnings gæti ekki við snjómoksturinn. Þannig á verkstjóri áhaldahúss ekki að þurfa að endurtaka upplýsingar þann daginn, þó nýr starfsmaður taki við mokstri.

Verktaki skal veita verkkaupa / Grundarfjarðarbæ, forgangsbjónustu þegar þörf er á snjómokstri. Verktaki skuldbindur sig til að hafa ávallt tæki og mannafla til reiðu til snjómokstursverka fyrir bæjarfélagið.

Verktaki ber sjálfur ábyrgð og kostnað af óhöppum, er hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins, enn fremur því tjóni, sem menn hans eða framkvæmd verksins kann að valda veikkaupa eða þriðja aðila.

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd.

Kvartanir um snjómokstur sem berast kunna verkkaupa, skal hann tilkynna verktaka þegar í stað sem skal bæta úr samdægurs ef kvörtun hefur við rök að styðjast. Telji verktaki sig hafa réttmætar ástæður fram að færa getur hann krafist þess að fulltrúi verkkaupa komi á staðinn og skeri úr.



23. Sérstök framlög samningsaðila:

Verkkaupi leggur ekki til efni, tæki né búnað vegna verksins skv. samningi þessum. Hins vegar mun áhaldahúsið að öllu jöfnu annast mokstur gangstéttu í bænum, og nota til þess þar til gerða vél sem til er í áhaldahúsini (Avant fjölnotavél).

Aðstaða á verktímanum: Eðli málsins samkvæmt þarf verktaki að koma sér upp nauðsynlegri vinnuaðstöðu og geymslustað fyrir vélar sínar og tæki. Slíkri aðstöðu skal verktaki sjálfur koma sér upp eða hafa aðgang að, og er slík aðstaða alfarið á ábyrgð verktakans. Ekki er heimilt að nota opin svæði bæjarfélagsins undir slíka aðstöðu fyrir vélar og tæki nema með leyfi bæjaryfirvalda. Ekki er heldur leyfilegt að geyma slíkar vélar og tæki í íbúðargötum í þéttbýli Grundarfjarðar. Gengið verður eftir því við undirritun samnings að það liggi ljóst fyrir frá hendi verktaka, hvar verktaki hafi geymslustað fyrir tækjaútgerð sína.

24. Framsal réttinda:

Verktaka er óheimilt að framselja samningi um snjómokstur til þriðja aðila nema með samþykki verkkaupa.

25. Skuldskeyting – undirverktakar:

Verktaka er óheimilt, án samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verksali felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það verkkaupa og breytast í engu skyldur verktaka gagnvart verkkaupa. Verktaka ber að fá samþykki verkkaupa fyrir hugsanlegum undirverktökum í verkinu.

26. Ágreiningsmál:

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á verksamninginum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa. Slikum ágreiningsmálum og öðrum málum sem kunna að rísa út af verkefni því sem útboð þetta nær til, má vísa til Héraðsdóms Vesturlands.

Verklýsing:

27. Almennt um verkið:

Verkið felst m.a. í almennum snjómokstri í þéttbýli Grundarfjarðar með þar til gerðu moksturstæki, (með snjóplóg og/eða snjóskóflu). Almennur snjómokstur telst m.a. mokstur gatnakerfis Grundarfjarðar, bílastæða og aðkomu að ýmsum stofnunum bæjarins.

Einnig felst verkið í brottflutningi á snjó með flutningstæki innan þéttbýlismarka bæjarins. Mokstur á flutningstæki telst einnig vera almennur snjómokstur og greiðist skv. tímagaldi flutningatækisins.

Að auki felst verkið í mokstri gangstéttu á álagstínum.

Að öllu jöfnu mun áhaldahúsið í Grundarfirði sjá um mokstur gangstéttu í bæjarféluginu, en á álagstínum þegar áhaldahúsið hefur ekki undan mokstri gangstéttu, eða þegar snjór er orðinn of mikill að tæki í áhaldahúsini ráða ekki við snjóinn, mun verða leitað til verktaka um aðstoð við mokstur gangstéttu. Greiðslur vegna þessa verða þær sömu og við almennan snjómokstur.

Verkið þarf að vinnast í fullu samráði við verkstjóra áhaldahússins.

Nánar um gatnakerfi Grundarfjarðar og annað sem skv. útboðinu á að snjóhreinsa s.s. bílaplönn, innkeyrslur og annað, má sjá á loftmynd hjá Byggingarfulltrúa.



Verkið felst enn fremur í mokstri á hafnarsvæði Grundarfjarðarhafnar. Skal sá mokstur unnin í fullu samráði við Hafnarstjóra. Hafnarstjóri getur kallað hvaða moksturslæki til sínu samkvæmt samningi.

28. Gildissvæði samningsins:

Gildissvæði samningssins er frá Kvernárbrú í austri og að afleggjara að hesthúsabyggð í vestri. Innifalið í samningssvæðinu eru allar götur í þéttbýli Grundarfjarðar, iðnaðarsvæðið við Kverná (gatan Ártún og Hjallatún), afleggjarinn að hesthúsahverfinu og hesthúsahverfið sjálft, afleggjari að skíðasvæði osfrv.

Þrátt fyrir þessa skilgreiningu um gildissvæðið, er rétt að það komi fram, að Grundarfjarðarbær er með samning við Vegagerðina um mokstur þjóðvegarins í gegn um þéttbýlið. Í þeim samningi felst að vegagerðin “opnar” akstursleið þjóðvegarins með verktaka á vegum Vegagerðarinna.

Mokstur á hafnarsvæði Grundarfjarðarhafnar, er átt við hafnir Grundarfjarðarhafnar þ.e. Norðurgarð, Miðgarð og bryggjuna við Suðurgarð. Einnig bílaplaníð við Suðurgarð nánari tiltekið frá grjótgarði og að lóð bensínstöðvarinnar. Einnig planið kringum viktarskúrinn þ.e. frá Norðurgarði og að Miðgarði, m.ö.o er afmörkunin svæðið vestan Nesvegar og að sjó, frá Nesvegi 4 og að gatnaskilum Nesvegar/Borgarbrautar.

29. Framkvæmd verksins – snjómokstursáætlun - samskipti á samningstíma:

Verktaki á að annast almennan snjómokstur í þéttbýli Grundarfjarðar samkvæmt nánari fyrirmælum frá verkstjóra áhaldahúss Grundarfjarðar. Ennfremur að annast burtkeyrslu á snjó þegar með þarf og skv. fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss. Snjómokstur skal hafinn í hvert sinn þegar verkstjóri áhaldahúss óskar þess og í samráði við hann. Verkstjóri ákveður hvaða tæki skal nota hverju sinni við snjómokstur og skal hann óska eftir því tæki sem hentar hverju sinni við verktaka.

Til grundvallar framkvæmd verksins mun verktaki fá í hendur **snjómokstursáætlun** sem eru nokkurs konar verklagsreglur fyrir snjómokstur á vegum Grundarfjarðarþjóðar, þar sem segir til um forgangsröðun snjómoksturs og hvenær mokstur skal hafinn, hvenær leiðir skulu hafa verið opnaðar (ákveðnar leiðir á ákveðnum tínum) og annað það sem aðilar telja nauðsynlegt að fram komi varðandi framkvæmd verksins.

Verktaki skal fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar, eins vel og kostur er. Verkstjóra áhaldahússins er heimilt að víkja frá þeirri forgangsröðun, og skal þá verktaki fylgja hans fyrirmælum. Snjómokstursáætlun þessi verður hluti af samningi við verktaka.

Verktaki skal sýna sérstaka aðgæslu við verkið þannig að ekki hljótist tjón af, hvorki á eigum bæjarfélagsins eða annarra (s.s. bílum, girðingum, stólpum, köntum, kantsteinum, gangstéttum osfrv.).

Lögð er sérstök áhersla á að verktaki (og hans starfsmenn) og verkstjóri áhaldahúss Grundarfjarðar hafi með sér gott samstarf um framkvæmd snjómoksturs og skal verktaki (eða starfsmenn hans) ekki taka við fyrirmælum um framkvæmd moksturs frá öðrum en verkstjóra áhaldahússins nema sérstaklega verði tilkynnt um annað af hálfu verkkaupa s.s. í forföllum bæjarverkstjóra.

Í slíkum tilfellum gæti verktaki þurft að taka við fyrirmælum um sjómokstur frá öðrum starfsmanni í áhaldahúsi, frá byggingarfulltrúa eða bæjarstjóra.

Verktaki skal taka að sér framangreint verkefni, ljúka því á tilsettum tímamörkum skv. snjómokstursplani (verklagsreglum um snjómokstur), leggja til þá vinnu og þær vélar sem hann telur sig þurfa til verksins í samráði við verkstjóra áhaldahúss.

Innifalið í framkvæmd er: Allur kostnaður við vélar og verkfæri, sem notuð verða við verkið, öll vinna og kostnaður af mannahaldi lögum samkvæmt, öryggisbúnaður, undirbúningur fyrir vinnu hvers dags og frágangur að vinnudegi loknum.



Skipulags- og byggingarfulltrúinn Grundarfirði

Borgarbraut 16 350 Grundarfirði Sími 430-8500 netfang bygg@grundarfjordur.is

Verktaki tekur við gatnakerfi bæjarins, sem verk þetta nær til, í núverandi ástandi og eru bjóðendur hvattir til að kynna sér vel aðstæður áður en tilboðum er skilað.

Verktaki skal haga snjómokstri þannig að ekki myndist stórar rastir/fyrirstöður við innkeyrslur lóða bæjarins.

30. Mokstur gangstéttu og gönguleiða:

Í þessu snjómoksturstímabili (útboðstímabili), verður lögð meiri áhersla á mokstur gangstéttu og gönguleiða heldur en verið hefur undanfarin ár. Stefnt er að því að moka allar helstu gangstéttar og gönguleiðir í bæjarféluginu. Einnig mun verða lögð meiri áhersla á söltun/söndun vegna hálkueyðingar.

Að öllu jöfnu mun þessi verkþáttur verða á hendi áhaldahússins, en þó mun verkstjóri áhaldahússins þurfa að leyta til snjómokstursverktakans um aðstoð við mokstur gangstéttu þegar snjór á gangstéttum/gönguleiðum er orðinn það mikill að tæki í áhaldahúsinu ráða ekki lengur við umfangið. Slíkur mokstur gangstéttu skal vera á sama tímagjaldi og annar mokstur skv. tilboði verktaka.

31. Kröfur um ástand og útbúnað tækja:

Moksturstæki skulu, vera fjórhjóladrifin auk venjulegs staðlaðs búnaðs, vera útbúið fjölnotasnjóplóg og snjóskólfu.

skal hún vera að lágmarki 2,5 m3 að stærð.

. Vinnslubreidd fjölnatasnjóplógs skal vera a.m.k. 2,8 metrar að breidd (án skekkingar). Snjóskófla skal vera að lágmarki 2,5 m3 að stærð. Á hjólaskólfu skal vera snjóskólfu og skal hún vera að lágmarki 4,0 m3 að stærð.

Gerð er krafa um að verktaki eigi tiltækur keðjur á moksturstæki og skal búa tæki með keðjum ef ástæða þykir til.

Gerð er almenn krafa um að ástand tækja sé í samræmi við þær reglur sem gilda um gerð og búnað ökutækja og vinnuvéla. Gerð er krafa um að tæki séu ávallt hrein og í góðu ásigkomulagi, séu vel útbúin og tiltæk þegar á þarf að halda. Einnig er gerð krafa um að þau tæki sem nota á við snjómokstur á vegum Grundarfjarðarbæjar, séu skoðuð og samþykkt af viðkomandi skoðunaraðilum, s.s. vinnuvélar af Vinnueftirliti ríkisins og vörubílar af bifreiðaskoðunarstöðvum. Gengið verður eftir því við undirritun samnings að það liggi ljóst fyrir að þau tæki sem nota á við snjómokstur hafi hlutið skoðun tilgreindra aðila.

32. Önnur tæki:

Verkkaupi gerir þann fyrirvara að verkstjóra áhaldahússins sé heimilt að kalla til fleiri moksturstæki/flutningstæki ef snjór er það mikill að verktaki annar ekki mokstri eða flutningi *að mati verkkaupa*. Með öðrum orðum á þetta aðallega við þegar mikið snjóar, eða þegar veðurspá er ótrygg eða slæm og verktaki hefur ekki undan með að halda bænum hreinum af snjó. Eins getur þetta verið í þeim tilfellum að veðurspá sé slæm og verkstjóri meti það svo að moka þurfi snjó burt, svo nýr snjór festist síður í bænum og geri ófært.

Hafi sá verktaki sem samningur verður gerður við, til umráða annað moksturstæki, mun fyrst verða leitað til hans varðandi fjölgun moksturstækja. Ef samningsverktaki hefur hins vegar ekki kosi á að útvega slíkt tæki, mun verða leitað til annara verktaka

Grundarfirði. _____ / ____ / 2017.

fh. verkkaupa:

fh. verktaka/bjóðanda:

Þorsteinn Steinsson, Bæjarstjóri



Tilboðsblað

Verkheiti: “Snjómokstur í Grundarfirði – Útboð okt. 2017”.

Einingaverð skv. lið A – D á tilboðsblaði skulu innifela tímajald fyrir vél/tæki ásamt vélarstjórnanda sbr. útboðsgögn.

Bjóðendur skulu sjálfir tilgreina neðangreindar upplýsingar um vélar og tæki sem notaðar verða í verkinu skv. lið A – D þ.e. tilgreina þær upplýsingar sem þeir teja nauðsynlegar.
Verkkaupi áskilur sér rétt til að afla frekari upplýsinga um vélar og tæki, eftir opnun tilboðanna, telji verkkaupi börf á til að taka afstöðu til tilboðanna

Ég undirritaður _____
(nafn og kennitala)

(heimilisfang)

geri hér með tilboð í að framkvæma framangreint verk í samræmi við útboðsgögn fyrir verkið. Undirritaður hefur kynnt sér aðstæður og öll ákvæði útboðsgagna og býður í samræmi við þau að fullgera verkið fyrir:

Liður A (traktorsgrafa):

Stærð snjóskóflu:

Upplýsingar um vél: _____ Þvngd vélar: _____ t:

Liður B (traktorsgrafa):

Stærð fjölnotaplógs·

Upplýsingar um vél: **Bvngd véljar**

Liður C (hjólaskófla):

Stærð snjóskóflu:



Skipulags- og byggingarfulltrúinn Grundarfirði

Borgarbraut 16 350 Grundarfirði Sími 430-8500 netfang bygg@grundarfjordur.is

Upplýsingar um vél: _____ Þyngð vélar _____ t

D: Samtals (samanlagt tímagjald allra tækja A-C): _____ Kr.

D: Kr. _____
(í bókstöfum)

Öll tilboðsverð eru með VSK.

Tilboð þetta er bindandi í 4 vikur frá opnunardegri tilboða.

Verði tilboði verkata tekið og þar til verksamningur hefur verið gerður, er þetta tilboð ásamt skriflegu samþykki bjóðanda, bindandi samningur á milli beggja aðila um verkið.

2017
staður, dagsetning


nafn bjóðanda


kennitala bjóðanda

Vottar:

nafn Kt


nafn Kt





Grundarfjörður

mokstur gangstéttu



iðnsvæði